

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 77/2015****2016/EES/42/04****frá 30. apríl 2015****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1137/2014 frá 27. október 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar meðhöndlun á tilteknum sláturmat úr dýrum sem ætlaður er til manneldis <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/266 frá 16. febrúar 2015 um að viðurkenna Mön sem lausa við varróaþveiki og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:  
„– **32014 R 1137**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1137/2014 frá 27. október 2014 (Stjtið. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 28).“
2. Eftirfarandi bætist við í 59. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB) í hluta 7.2:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32015 D 0266**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/266 frá 16. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 45, 19.2.2015, bls. 16).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1137/2014 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/266, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 45, 19.2.2015, bls. 16.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.